

146. löggjafarþing 2016–2017.
146. mál.

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 2. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar ber augljós merki hægrimanna þar sem áherslan er lögð á aðhald umfram þörf og samfélagsleg verkefni eru látin sitja á hakanum. Erfitt er að finna málaflokk sem ekki er veruleg þörf á að bæta í ef frá er talið Stjórnarráðið sjálft. Áætlunin ber einnig merki hugsunarleysis þar sem skattar eru hækkaðir á eina atvinnugrein sem glímur við ýmis vandamál í rekstri en skattalækkun boðuð almennt sem á þenslutímum hefði einhvern tíma þótt varhugavert.

Hvað varðar umfjöllunarefni umhverfis- og samgöngunefndar eru gríðarleg vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir að mæta fjárþörf samgangna sem er meðal brýnustu verkefna þessa stundina. Þá er ekki gerð tilraun til að laga það ósamræmi sem er á milli samgönguáætlunar og fjármálaáætlunar með viðbótarfjármunum í samgöngumál. Einnig er ljóst að í umhverfismálum er tékkinn innstæðulaus, jafnvel þótt sex ráðherrar hafi nýlega undirritað samkomulag um áætlun í loftlagsmálum. Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir nauðsynlegum fjármunum til að taka á þeim vanda sem þar blasir við af neinni alvöru.

Vandi ríkisstjórnarinnar er heimatilbúinn því að markmið stjórnarinnar um að skila 1,5% afgangi af fjárlögum á sama tíma og 2% aðhald er boðað takmarkar mjög svigrúm til að fara í nauðsynleg verkefni. Í tíð ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar voru þessar tölur lægri, afgangur átti að vera 1%, svo dæmi sé tekið, til að hafa aukið svigrúm til útgjalda. Það hálfa prósent sem nú er bætt við er líklega á milli 10–12 milljarðar kr. sem t.d. mætti nýta í umhverfismál og samgöngur.

Það er skoðun 2. minni hluta að til að bregðast við bráðri þörf ætti að lækka kröfuna um afgang af fjárlögum um a.m.k. 0,5 prósentustig. Utan höfuðborgarsvæðisins er vart að finna þenslu nema e.t.v. á Suðurlandi. Nýta mætti fjármunina í verkefni á landsbyggðinni þar sem ekki er þensla og takmarka þannig hættuna sem fylgir of mikilli þenslu.

Annar minni hluti gerir það að tillögu sinni að fjárlaganefnd breyti fjármálaáætluninni með þeim hætti að afgangur og aðhald verði minnkað og þeim fjármunum sem þá verða til varið í verkefni á landsbyggðinni.

Alþingi, 4. maí 2017.

Gunnar Bragi Sveinsson.